

# SJÓNAUKINN

12. JANÚAR 2022 - 18. JANÚAR 2022

• 2. tölublað • 37. árgangur •

## Frá Bókasafninu



Við áramót vill Bókasafnið vill vekja athygli á nýrri gjaldskrá þess.

<b>Árskort fyrir 18 – 67 ára</b>	<b>3.950 kr.</b>
<b>Árskort fyrir lífeyrisþega og öryrkjar</b>	<b>2.680 kr.</b>
<b>Millisafnalán</b>	<b>1.000 kr.</b>
<b>Glötuð bók ný innbundin</b>	<b>4.000 kr</b>
<b>Glötuð bók ný kilja</b>	<b>2.000 kr.</b>
<b>Glötuð bók barnabók</b>	<b>2.000 kr.</b>
<b>Glötuð bók gamlar bækur</b>	<b>1.500 kr</b>

Um leið og við þökkum samskiptin á liðnu ári viljum við hvetja ykkur að skila eldri lánnum til að forðast innheimtu. Hægt er að fá útprentun eða sendan tölvupóst á vanskilum.

Verið velkomin á bókasafnið.

## Reglulegir fundir sveitarstjórnar Húnaþings vestra frá janúar til maí 2022 verða sem hér segir:

- 347. fundur fimmtudaginn 13. janúar kl. 15. í fundarsal Ráðhússins
- 348. fundur fimmtudaginn 10. febrúar kl. 15. í fundarsal Ráðhússins
- 349. fundur fimmtudaginn 10. mars kl. 15. í fundarsal Ráðhússins
- 350. fundur miðvikudaginn 13. apríl kl. 15. í fundarsal Ráðhússins
- 351. fundur fimmtudaginn 12. maí kl. 15. í fundarsal Ráðhússins

Dagskrá fundanna verða birtar á heimasíðu Húnaþings vestra a.m.k. tveimur dögum fyrir fund.

Verði breyting á reglulegum fundum sveitarstjórnar kemur tilkynning þess efnis á heimasíðu sveitarfélagsins.

Hvammstangi 11. janúar 2022.  
Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.



## **Fréttir frá Félagi eldri borgara í Húnaþingi vestra Ný aðstaða í VSP húsinu**

Félag eldri borgara í Húnaþingi vestra er að skipuleggja áframhaldandi starf í gamla verslunarhúsnæði Sigurðar Pálmasonar. Halldór Hreinsson eigandi húsnæðisins hefur látið okkur það í té til frjálsra afnota fram á sumar sem við erum afar þakklát fyrir. Til að byrja með er hugmyndin að hafa opið hús frá klukkan 13.30 til 16:30 þrjá daga vikunnar þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga.

**Við förum að sjálfsgöðu varlega og gætum sóttvarna, sprittum og notum grímur ef ástæða er til.** Heitt verður á könnunni og fólk getur spjallað, gripið í spil, handavinnu, brostið í söng eða það sem fólk langar til. Einnig er stefnt að því að fara saman í stuttar gönguferðir þegar veður og færð leyfir. Þegar ástandið breytist til batnaðar eru hugmyndir um frekara starf. Seinni hluta janúarmánaðar stefnum við að því að fá kynningu frá Félagi trérennismiða og eins hefur verið rætt um leirvinnslu, trésmíði, þrjón, útsaum og margt fleira. Vonandi getum við byrjað söngstundir sem fyrst og eins eru hugmyndir um að skoða í sameiningu gamlar slidesmyndir af svæðinu og jafnvel dansa.

Endilega komið á framfæri við stjórn félagsins hugmyndum að því sem þið hafið áhuga á og þið teljið að gaman væri að fást við í VSP húsinu.

Þetta opna húsi tekur við af þeirri starfsemi sem verið hefur fyrir 18 ára og eldri á vegum sveitarfélagsins í Félagsmiðstöðinni Oríon og eru því allir velkomnir.

Við viljum vekja athygli á öllu því starfi sem í boði er fyrir eldri borgara í sveitarfélaginu og hvetjum alla til þátttöku í því starfi:

<b>Mánudaga</b>	<b>kl. 13:00 – 14.00</b>	<b>Vatnsleikfimi</b>	<b>Sundlaug</b>
<b>Mánudaga</b>	<b>kl. 15:00 – 18.00</b>	<b>Föndur</b>	<b>Nestún</b>
<b>Þriðjudaga</b>	<b>kl. 13:30 – 16.30</b>	<b>Opið hús</b>	<b>VSP</b>
<b>Miðvikudaga</b>	<b>kl. 13:00 – 14.30</b>	<b>Spil</b>	<b>Nestúni</b>
<b>Miðvikudaga</b>	<b>kl. 13:30 – 16:30</b>	<b>Opið hús</b>	<b>VSP</b>
<b>Miðvikudaga</b>	<b>kl. 16:45 – 18:15</b>	<b>Kóræfing</b>	<b>Nestún</b>
<b>Fimmtudaga</b>	<b>kl. 15:00 – 18.00</b>	<b>Föndur</b>	<b>Nestún</b>
<b>Föstudaga</b>	<b>kl. 13:30 – 16:30</b>	<b>Opið hús</b>	<b>VSP</b>
<b>Laugardaga</b>	<b>kl: 10:00 – 11:30</b>	<b>Boccia</b>	<b>Íþróttahús</b>

Hægt er að ganga flesta daga innanhúss í íþróttahúsi frá kl. 11:30 - 12:15

**Dagskráin í VSP húsinu næstu daga verður þannig:**

**Miðvikudaginn 12. janúar Handavinna, leiðbeinandi Ragnheiður Jóh.**

**Föstudagurinn 14. janúar, Elísabet Bjarna kennir spilið PÚKK**

**Þriðjudagur 18. janúar, spil t.d. kani, kínaskák, Jóna Halldóra**

**Miðvikudaginn 19. janúar, Handavinna leiðbeinandi Ragnheiður Jóh.**

**Föstudagurinn 21. janúar, Söngstund Elinborg Sigurgeirs stýrir**

**Alltaf heitt á könnunni og kannski tekið lagið**

**Nánar verður auglýst á Facebook hvað verður í opnu húsi hverju sinni.**

**Félag eldri borgara í Húnaþingi vestra**

## Störf hjá fjölskyldusviði Húnappings vestra

Fjölskyldusvið Húnappings vestra leitar að starfsmanni í afleysingu í félagslegri heimaþjónustu frá janúar 2022. Þetta er fjölbreytt starf sem felst m.a. í léttum þrifum, innkaupum og aðstoð heima fyrir. Leitað er að einstaklingi sem hefur áhuga á að vinna með öldruðum einstaklingum og er góður í mannlegum samskiptum. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegu starfi.

Umsækjandi skal hafa náð 18 ára aldri, hafa góða íslenskukunnáttu og þarf að vera með bílpróf. Heimili þjónustuþega eru bæði á Hvammstanga og í dreifbýli.

Einnig vantar starfsmann í 50 % starf stuðningfulltrúa í dreifnám við FNV. Dreifnámið er staðsett á neðri hæð Félagsheimilisins Hvammstanga, starfið felst í að styðja ungmenni við nám í framhaldsskóla. Viðkomandi þarf að vera lipur í mannlegum samskiptum.

Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu, háttsemi og stundvísi.

### Nánari upplýsingar gefa

Hennrike Wappler, yfirfélagsráðgjafi, [henrike@hunathing.is](mailto:henrike@hunathing.is) eða Jenný Magnúsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, [jenny@hunathing.is](mailto:jenny@hunathing.is) eða í síma 452400

## Tiltekt á hafnarsvæðinu á Hvammstanga

Síðustu misseri hefur staðið yfir hreinsun á hafnarsvæðinu, uppfyllingunni syðst á svæðinu. Enn er nokkuð af dóti eftir á svæðinu sem ekki hefur verið gefið heimild til aðstöðu. Sveitarfélagið hvetur þá sem eiga eða gera tilkall til þessara hluta að fjarlægja þá fyrir 1. febrúar 2022. Hlutunum verður fargað eftir þann tíma á kostnað eigenda.

Bent er á að sveitarfélagið býður upp á geymslupláss í afgirtu og læstu porti í landi Syðri Kárastaða og geta íbúar fengið leigt þar pláss samkv. gjaldskrá. Umsóknareyðublöð eru í ráðhúsi.

Frekari upplýsingar gefur Björn Bjarnason rekstrarstjóra í síma. 771-4950.